

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 5. janúar 2024
Málsnúmer: 202312-0022
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna frístundabyggðar og virkjunar í landi Bryggju.

Vísað er í erindi úr Skipulagsgátt frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. fyrir hönd Bláskógabyggðar, dags. 14. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er varðar skilgreiningu á frístundasvæði og svæði fyrir 2-3 MW virkjun í landi Bryggju spildu L178475.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulags- og matslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Áformuð aðalskipulagsbreyting varðar breytingu á jörðinni Bryggju þ.a. að henni sé breytt úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð (30 ha með 30-40 lóðum), svæði undir verslun og þjónustu (5 ha) og iðnaðarsvæði fyrir 2-3 MW virkjun í Tungufljóti (3 ha).

Um er að ræða umtalsverða breytingu á svæði sem í dag er lítt snortið þótt þar séu minjar um fyrri búsetu og gömul tún í órækt. Eins og fram kemur í greinargerðinni er innan svæðisins tæplega 6 ha votlendi sem nýtur sérstakar verndar skv. ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og þar er að finna vistgerðir með mjög hátt verndargildi.

Lítið er fjallað um fuglalíf svæðisins í greinargerðinni en líklegt er að mófuglavarp sé á jörðinni m.a. í votlendi en einnig mó- og graslendi. Þá er fuglalíf við Tungufljót ríkulegt og m.a. straumandavarpstaðir þekktir en straumönd er ábyrgðartegund á Íslandi enda Ísland eini varpstaður tegundarinnar í Evrópu. Náttúrufræðistofnun vaktaði straumendur á Tungufljóti á árunum 2017-2022 að beiðni HS Orku og er suðurendi talningasvæðisins við flúðirnar er liggja að landi Bryggju (Svenja N. V. Auhage og Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 2022). Áhrif Brúarvirkjunar á búsvæði straumanda skammt ofan við svæðið sem hér um ræðir hafa verið töluverð enda um 3 km kafli af árfarveg þar sem vatnsflæði er skert auk þess sem stíflumannvirki virka sem hindranir sérstaklega þegar kollur með unga eru á ferð síðsumars. Vöktun hefur sýnt að miklar sveiflur í varpi straumanda á vöktunartímabilinu hafa gert erfitt fyrir um að túlka nákvæmlega hver áhrif virkjanaframkvæmda hafa verið en þó má álykta að frekari skerðing á vatnsrennsli og myndun hindrana með stíflugerð annars staðar í farvegi Tungufljóts eykur frekar áhættuna á að áhrifin verði neikvæð á varpárangur og viðkomu tegundarinnar við ána. Víða er búsvæðum straumandar ógnað og skoða þarf því vandlega hvar og hversu mikið skynsamlegt er að raska vatnsrennsli og árbökkum vatnsfalla eins og Tungufljóts sem við eðlileg skilyrði eru frjósöm og afar heppileg búsvæði fyrir straumendur sem og annað lífríki.



Ljóst er að uppbygging frístundasvæðis með húsbyggingum og vegagerð mun ógna votlendi og mögulegum búsvæðum fugla með því raski sem uppbyggingunni fylgir. Nauðsynlegt er að kannað sé betur þéttleiki mófugla á áætluðu uppbyggingarsvæði og einnig að kortleggja með frekari nákvæmni útbreiðslu votlendisvistgerða með hátt verndargildi. Þannig er hægt að áætla umfang af áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar og aðlaga tillöguna eins og við á. Svæðið er hluti af mikilvægu fuglasvæði, Suðurlandsundirlendið, þar sem mjög víða er verið að brjóta lítt snortið land undir frístundabyggð eða aðra starfsemi. Nauðsynlegt er að við skipulagsgerð sé tekið tillit til þessa og að horft sé til þess að svæði sem eru sérstaklega lífauðug eða mikilvæg fyrir t.d. ábyrgðarfuglategundir sé hlíft.

Þá þarf að meta vandlega áhrif virkjunaráforma á lífríki og landslag Tungnafljóts. Til viðbótar við mikilvægi fljótsins fyrir straumönd þarf einnig að meta áhrif rasks vegna virkjunar á aðrar fuglategundir t.d. aðra andfugla, vaðfugla, ránfugla o.fl. Þá þarf að meta hver áhrif verða á annað lífríki s.s. fiska og smádýralíf og áhrif á ásýnd svæðisins m.a. vegna breytinga á rennsli sem og mannvirkjagerðar. Ljóst er að virkjunin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar og leggja þarf mat á hvort um matsskylda framkvæmd sé að ræða.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar varðandi æskilegar náttúrufræðisráðgjafir og önnur atriði er málið varðar eins og við á. Stofnunin áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

Heimild:

Svenja N. V. Auhage og Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 2022. Straumendur við Tungnafljót og Brúará 2017-2022 og hugsanleg áhrif Brúavirkjunar. Unnið fyrir HS Orku. Náttúrufræðistofnun Íslands.
<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2022/NI-22010.pdf>

